

Fundargerð 108. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn á Teams, 1. desember 2025, kl. 13:00

Dagskrá:

1. Áhersluverkefni SSNE og SSH
2. Áhersluverkefni – almenn umræða
3. Greinargerð stýrihópsins um framvindu sóknaráætlanasamninga og ráðstöfun fjármuna
4. Byggðaaætlun – staðan
5. Teams-fundir stýrihópsins með landshlutasamtökum sveitarfélaga (við eigum eftir að taka fundi með þeim sex landshlutum sem við heimsóttum ekki – ræðum fyrirkomulag og tímasetningar)

Mætt: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (IRN), Albertína F. Elíasdóttir (SSNE), Áshildur Linnet (FRN), Baldur Þ. Guðmundsson (MNH), Guðný Hrafnkelsdóttir (ATRN), Krístrún Friðriksdóttir (DMR), Magnús Örn Agnesar Sigurðsson (URN), Reinhard Reynisson (Byggðastofnun), Sigríður Eysteinsdóttir (UTN), Sigríður Elín Þórðardóttir (Byggðastofnun), Valgerður Rún Benediktsdóttir (sambandinu), Þór Hauksson Reykdal (MRN) og Heba Guðmundsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Fjarverandi: Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Bjarki Pétursson (ATRN), Guðjón Björn Guðbjartsson (FOR), Margrét Erlendsdóttir (HRN) og Sigurður Steingrímsson (MNH).

Formaður setti fundinn. Áður en gengið var til boðaðrar dagskrár bauð formaður Áshildi Linnet velkomna í stýrihópinn, en Áshildur hefur tekið við sem fulltrúi félags- og húsnaðismálaráðuneytisins af Evu Margréti Kristinsdóttur. Formaður bauð einnig Sigríði Elíni Þórðardóttur, Byggðastofnun, velkomna á fundinn.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Áhersluverkefni SSNE og SSH

Fyrir fundinn lágu til staðfestingar tvö áhersluverkefni frá SSNE og eitt áhersluverkefni til staðfestingar og annað til kynningar frá SSH, en eitt af verkefnum stýrihópsins skv. erindisbréfi er að staðfesta áhersluverkefni landshluta. Afgreiðsla var eftirfarandi:

SSNE: Tvö verkefni staðfest

SSH: Verkefni staðfest.

2. Áhersluverkefni landshlutasamtaka

Formaður ræddi áhersluverkefni landshlutanna, framsetningu þeirra og eftirfylgd. Umræður um hvernig væri mögulegt að gera þau sýnilegri og fylgja þeim betur eftir.

3. Greinargerð stýrihópsins um framvindu sóknaráætlanasamninga og ráðstöfun fjármuna

Verkefnisstjóri stýrihópsins, Heba Guðmundsdóttir, kynnti drög að greinargerð stýrihópsins um framvindu sóknaráætlanasamninga og ráðstöfun fjármuna árin 2020-2024, en nýjir samningar um sóknaráætlanir tóku gildi í ársbyrjun 2025. Sambærileg skýrsla var gefin út fyrir sóknaráælanartímabilið 2015-2019. Til stendur að skýrslan verði gerði gefin út nú í desember.

4. Byggðaaætlun

Formaður fór yfir stöðuna á ritun grænbókar (stöðumats) og skýrslu til Alþingis fyrir endurskoðun byggðaaætlunar, sem gengur vel. Áætlað er að stöðumatið verði sett fram í samráðsgátt stjórnvalda nú í desember.

5. Teams-fundir stýrihópsins með landshlutasamtökum sveitarfélaga

Stýrihópur stjórnarráðsins um byggðamál fundar árlega með landshlutasamtökunum átta. Tveir fundir eru venjulega staðfundir og sex fundir fara fram á Teams. Stýrihópurinn er búinn að heimsækja Austurland (SSA) og Vesturland (SSV) og á eftir að funda á Teams með hinum landshlutasamtökunum. Búið er að tímasetja alla fundi nema einn og fara þeir allir fram í desember.

6. Önnur mál

Fundurinn í dag var síðasti fundur Albertínu sem fulltrúi landshlutasamtakanna í stýrihópnum en Páll Snævar Brynjarsson, framkvæmdarstjóri SSV, mun taka sæti hennar í janúar. Formaður þakkaði Albertínu fyrir hennar þátttöku í stýrihópnum. Annað var ekki rætt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:50.